

## Sænskur jarðarfarardagur með pompi og prakt

*Lag: Carl Michael Bellman (Fredmans epistel 38)*

*Ljóð: Höskuldur Þráinsson*

„Víkið nú frá!“ heyrir gamla götulöggan kalla,  
gullkylfu sveiflar og rekur alla burt.  
Trrúmm! Sjáið blásarann með skegg og skalla,  
skínandi flautuna blæs með pí og kurt.  
Trommarinn lallar,  
tiplar Mollberg fram á stétt,  
stoltur hann kallar:  
„Nú standið rétt!“

Líkfylgdin nálgast. Hver liggur þar í þeirri kistu?  
Það er hann Boman sem drakk sig víst í hel.  
Trrúmm! Fremstir ganga þeir sem mikið misstu,  
móðir og sveittir með hárkollu og stél.  
Þar má sjá Fróða,  
Finn sem alltaf drekkur mest,  
barþjóninn góða  
og gamlan prest.

Hér mun ei framar hann Boman okkar bregða sverði,  
burt flýgur sál hans nú þráðbeint eða í sveig.  
Trrúmm! Hérna sat hann oft að sínum verði,  
síaði grön hans þá marga dýra veig.  
Hver á nú flösku?  
Kveðjum vininn sem oss ber.  
Brenndur til ösku  
hann Boman er!